

## Útskýringar á tillögum mótanefndar að breytingum á reglugerðum BLÍ

- Félag = íþróttafélag með aðild að ÍSÍ og þ.a.l. BLÍ. Félag getur haft mörg lið í keppnum á vegum BLÍ
- Lið = Lið (á vegum íþróttafélags) sem keppir í keppni á vegum BLÍ (hvert félag getur haft fleiri en eitt lið).
- Félögin standi skil á gjaldi iðkenda sem eru skráðir í lið innan vébanda félagsins. BLÍ á ekki að þurfa að rukka þau sérstaklega en sendir að sjálfsögðu kvittun/reikning sé þess óskað. Leikmaður öðlast ekki leikheimild (er ólöglegur) fyrir en að iðkendagjaldið fyrir hann hefur verið greitt. Félögin skila inn leikmannalísum á haustin og borga fyrir þá iðkendur. Þegar þeir bæta leikmönnum á listana þarf að greiða iðkendagjaldið fyrir þá og fyrir fá þeir ekki leikheimild (eru löglegir).
- Úrvalsdeildin verður óbreytt
- 1.d. er deild þar sem úrvalsdeildarfélag geta þróað leikmenn (bæði yngri og b-liðs leikmenn). Hún er líka skref fyrir félög sem stefna á að fara í úrvalsdeild en hafa ekki mannskap í það enn eða félög sem vilja blak á hærra getustigi heldur en á helgarmótunum.
  - Félög með lið í Úrvalsdeild geta skráð B-lið í 1. deild. Ef Úrvalsdeildarfélag er ekki með lið í 1.d. þá eru þeir ekki með B-lið. Efsta lið slíkt félags í neðri deildum getur ekki borið bókstaf hærri en C.
  - B-lið félaga með sitt besta lið í 1. deild (ekkert lið í Úrvalsdeild) geta verið í neðri deildum.
  - Lið skrá sig í 1.d. fyrir hvert tímabil og ekkert lið fellur (skorið á milli 1.d. og 2.d.).
  - Frjálst flæði leikmanna er á milli úrvalsdeildar og fyrstu deildar = reglan um 7 hrinuhæstu fer út (Úrvalsdeildarlið geta notað hvaða leikmenn sem er í 1.d.). Athugið að ekki er frjálst flæði milli úrvaldsdeildar og liða í deildum neðar en 1.d. Ekki er heldur frjálst flæði milli 1.d. og neðri deilda (eða milli neðri deilda liða) heldur verða leikmenn að hafa liðaskipti ef þeir ætla á milli annarra deilda en Úrvalsdeildar og 1.d.
  - Úrslitakeppni verður í 1.d. fyrir þau lið (4 efstu) sem ekki eru B-lið Úrvalsdeildarliða. Því verður enginn hvati fyrir B-liðin að mæta með óeðlilega sterk lið (heldur nota þessa deild til að þróa leikmenn) því þau geta ekki orðið meistara (B-world champions)
- 2.d. og neðar er fyrir þá sem vilja stunda blak sér til heilsubótar og skemmtunar og er spiluð eingöngu í helgarmótaformi.
  - Stefnt að úrslitakeppnum þar eins og er nú
  - Lið skrá sig í 2.d og niður fyrir hvert tímabil og mótanefnd raðar í deildir með úrslit síðasta Íslandsmóts til hliðsjónar.
  - Skorið verður á milli 2.d. og 1.d. þ.e. lið fara ekki upp og niður þarna á milli.
- Hver leikmaður getur bara verið skráður í eitt lið í einu
  - Undantekningin er frjálst flæði leikmanna milli Úrvalsdeildar og 1.d.
- Hver leikmaður getur bara spilað með tveimur félögum/liðum á sama leiktímabili
  - Undantekningin er bikarkeppnin þar sem hver leikmaður getur bara spilað með einu félagi/liði
- Hver leikmaður getur bara spilað í tveimur deildum á sama leiktímabili (sem kemur sjálfkrafa þar sem leikmaður getur bara spilað með tveimur liðum)
  - Hver leikmaður getur valið í hvaða tveimur deildum hann spilar
- Hver leikmaður má skipta tvisvar um félag/lið innan hvors félagaskiptaglugga (hámark 4 félaga/liðaskipti).
  - Í hvert skipti sem leikmaður skiptir um félag borgar hann fullt félagaskiptagjald.

- Í hvert skipti sem leikmaður skiptir um lið (innan félags) borgar hann hálf t félagaskiptagjald (liðaskiptagjald).
- Undantekningin er frjálst flæði leikmanna milli úrvalsdeildar og fyrstu deildar og þar á milli er ekkert liðaskiptagjald.
- Leikmenn 18 ára og yngri borga ekkert liðaskiptagjald (en borga félagaskiptagjald)
- Þetta þýðir að leikmaður getur spilað í 1.d. (eða úrvalsdeild) og skipt í neðri deildir fyrir fyrsta helgarmót og svo aftur til baka
- Hann getur svo skipt aftur í neðri deildir fyrir annað haustmót og aftur til baka en er þá fastur í efri deild.
- Félögin (liðin) þurfa að vera búin að ákveða í öðru helgarmóti hvaða mannskap þeir ætla að nota í hverri deild
- Leikmaður í Úrvalsdeildarliði Kára getur skipt yfir í Úrvalsdeildarlið Orra innan félagaskiptagluggans og aftur til baka (og gert það sama aftur í næsta glugga þess vegna en hann getur þá ekki spilað með öðrum liðum Kára né Orra (má bara spila í tveimur liðum eða félögum
- Félagaskiptagluggi fyrir 2.d. og niður er rýmkaður um 15 daga bæði haust og vors
- Hér að neðan eru dæmi um tilbúin lið í ýmsum deildum.

| Úrvalsdeild | 1.d.     | 2.d.     | 3.d.       |
|-------------|----------|----------|------------|
| Kári        | Kári B   | Kári C   | Kári D     |
| Orri        | Orri B   | Orri C   | Orri D     |
| Vaskur      | Vaskur B |          | Vaskur C   |
| Víðir       |          | Víðir C  |            |
| Burkni      |          |          | Burkni C   |
|             | Vindur   | Vindur B | Vindur C   |
|             | Víkingur |          | Víkingur B |
|             | Skarfur  |          |            |
|             |          | Kappi    | Kappi B    |
|             |          | Skúmur   |            |
|             |          |          | Trukkur    |

- Leikmenn í Kára, Orra og Vask mega allir líka spila með Kára B, Orra B og Vaski B án þess að tilkynna og greiða liðaskiptagjald
  - Þessir leikmenn gætu líka valið að spila með Kára C, Orra C eða Vaski C en þá mega þeir ekki spila með B-liðunum (má bara spila með tveimur liðum) og yrðu að greiða liðaskiptagjald og yrðu að gera það innan félagaskiptaglugga (reglur um liðaskipti).
- Leikmenn í Víði mega spila með Víði C (Víði B er ekki til því Víðir er ekki með lið í 2.d.) en um það gilda reglur um liðaskipti
- Leikmenn Vinds og Víkinga mega spila með Vindi B og Víkingi B en um það gilda reglur um félagaskipti
- Leikmenn Kappa mega spila með Kappa B en um það gilda reglur um félagaskipti